



Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Minnisblað

Til: Skipulags- og umhverfisráð
Frá: Slökkviliðsstjóri slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar
Dags: 20. apríl 2021
Varðar: Ósk um viðbótarfjármagn vegna bilunar á bifreið.

Inngangur

Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar hefur þar til í dag haft í notkun bifreið af gerðinni Ford Econoline árgerð 1993 sem áður gengdi hlutverki sjúkrabíls á Akranesi. Þessi bifreið hefur verið notuð til flutninga á slökkviliðsmönnum og lausabúnaði s.s dælum, slöngum, rafstöðvum og öðrum verkfærum á eldstað í útköllum og öðrum verkefnum. Á síðustu árum hefur bifreiðin verið dýr í viðhald enda orðin 28 ára gömul og mikið ekinn. Fyrir c.a 2 árum þá bilaði túrbína við vélina og þótti viðgerð það dýr að bifreiðin myndi ekki standa undir þeim kostnaði, var búnaðurinn tekin úr og átti að nota bifreiðina þar til hún myndi gefast endanlega upp. Nú er staðan sú að bifreiðin er bilaður/óökufær vegna bilunar í startkrans og samkvæmt mati frá Bifreiðaverkstæði Hjalta ehf þá er viðgerð kostnaðarsöm og dýrari en bifreiðin sjálf.

Hvaða valkosti höfum við

Bifreið af þessari gerð er nauðsynleg fyrir slökkviliðið og er hluti af útkallsbúnaði liðsins. Nauðsynlegt er að fá aðra bifreið fyrir liðið sem fyrst og í ljósi aldurs, ástands er viðgerð á núverandi bifreið ekki ráðleg með tilliti til verðmæti og áræðanleika bifreiðarinnar.

Við þarfagreiningu var tekið tillit til eftirfarandi:

- Áræðanleika og rekstraröryggis
- Geta flutt allt að 8 til 10 slökkviliðsmenn
- Geta flutt lausadælur og annan búnað á öruggan hátt
- Gott að ganga um bílinn í fullum búnaði

Hvað er í boða

Með þau atriði í huga sem fram koma hér að ofan og eftir skoðun á hvað er í boði af notuðum bílum í dag, þá er horft til bifreiða af gerðinni Mercedes-Bens Sprinter. Þá er hægt að fá t.d með sæti fyrir 10 manns og hólfu með skilrúmi á milli fyrir búnað. Þessir bílar þykja áræðanlegir og gott að ganga um þá. Bíll af þessari stærð gæti einnig nýttst í aðgerðastjórnun og til að hýsa fólk á vettvangi.



Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Samantekt

Lagt er til að keyptur verði bíll af gerðinni Mercedes-Bens 319 CDI árgerð 2017 ekinn 132 þús km með sæti fyrir 10 manns auk búnaðarhólfs. Verð c.a 3.5 til 4.0 milljónir án virðisaukaskatts en hann fengist endurgreiddur.

<https://bilasolur.is/CarDetails.aspx?bid=15&cid=460152&sid=707338&schid=ffa6e5b8-df9c-4ff7-aac8-749cf570822f>

Gert með fyrirvara þar sem bifreiðin hefur ekki verið skoðuð en að öðrum kosti er áskilinn réttur til að nýta fjármagnið í kaup á sambærilegum bíl á sama verði.

Virðingarfyllt

Jens H. Ragnarsson

Slökkviliðsstjóri

Akraness og Hvalfjarðarsveitar